



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 10. maí 2022

KYNNINGARBLAÐ



ABBA fékk núll stig frá Bretum 1974.

Spenna í hámarki

thordisg@frettabladid.is

Fyrri undankeppni Eurovision fer fram í Tórínó í kvöld og þá kemur í ljós hvort íslenska framlagið komist áfram í aðalkeppnina á laugardag. Söngvakeppnin er einn stærsti sjónvarpsviðburður veraldar og á sér áhugaverða sögu. Hér er tæpt á örfáum staðreyndum:

Meðal keppenda sem lögðu heiminn að fótum sér eftir sigur í Eurovision eru ABBA, Céline Dion, Cliff Richard og Julio Iglesias. Þess má til gamans geta að Bretar gáfu ABBA ekkert stig árið 1974.

Ítalska lagið Nel Blu Dipinto Di Blu, sem lenti í 3. sæti árið 1958, er það Eurovision-lag sem flestir hafa tekið upp á arma sína í sögu keppinnar. Það er líka þekkt sem Volare í flutningi Dean Martin, Cliff Richard, David Bowie og fleiri.

Koss, dauði og þingsæti

Margir spá Úkraínu sigri á laugardag. Jamala vann fyrir hönd Úkraínu árið 2016 en Rúslana árið 2004 og var þá verðlaunuð með þingsæti í sínu heimalandi.

Árið 1974 andaðist franskri forsetinn Georges Pompidou í miðri Eurovision-víku. Hann var jarðsunninn á keppnisdaginn og drógu Frakkar sig úr söngvakeppninni.

Árið 1981 sniðgengu Ítalir Eurovision því þeim þótti keppnin of gamaldags. Þeir eru gestgjafarnir í ár, enda sigurvegarar síðan í fyrra.

Fyrsta hneykslið í sögu Eurovision varð árið 1957 þegar dönsku söngvararnir Birthe Wilke og Gustav Winler kysstust heitt í ellefu sekúndur í enda lagsins og uppskáru mikla reiði fyrir. ■

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS**ALOE VERA**
MELTING & BÓLGURwww.celsus.is

„Það þarf enginn að þjást í hörðum og hrjúfum rúmfötum þótt hann sé í sumarfríi,“ segir Hildur Þórðardóttir, verslunarstjóri Rúmföt.is.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Mjúk og sumarleg sængurföt á góðu verði hjá Rúmföt.is

Hildur Þórðardóttir verslunarstjóri mælir eindregið með að fólk kynni sér lystisemdir góðra laka og rúmfata á rúmið. Rúmföt.is býður upp á sumartilboð á sængum og rúmfötum næstu daga frá vönduðum framleiðendum. **2**

Nú þegar sumarið er að breyta á eru margir farnir að huga að sængurfötum fyrir sumarhúsið eða hús-bílinn, segir Hildur Þórðardóttir, verslunarstjóri Rúmföt.is. „Það þarf enginn að þjást í hörðum og hrjúfum rúmfötum þótt hann sé í sumarfríi, því við eigum mjúk og sumarleg sængurföt á góðu verði. En það skiptir ekki máli hvert til-efnið er því við eigum rúmföt fyrir alla og alveg sérstaklega þá sem vilja mikil gæði og framúrskarandi þjónustu.“

Ítalskur lúxus

Rúmföt.is leggur áherslu á að selja rúmföt í meiri gæðum en fast annars staðar á Íslandi. „Við bjóðum upp á rúmföt frá allra bestu og vönduðustu vefurum Ítalíu. Meðal annars erum við með rúmföt frá ítalska merkinu Quagliotti sem vefur dúka og sængurföt fyrir bresku hirðina.

Fyrir rúmum fjórtán árum ákvað Hotel Ritz í París að bjóða gestum sínum upp á rúmföt frá Quagliotti, eftir ítarlega leit að bestu rúmfötum í heimi. Mörg flott hótél, eins og The Mark í New York, MGM í Makaó, The Penin-sula í Hong Kong, Armani í Milánó, 101 Reykjavík og nýja Blue Lagoon hótelið, bjóða gestum sínum einnig upp á Quagliotti-rúmföt,“ segir Hildur.

Þýskar gæsadúnsængur og himneskir koddar

Fyrir nokkrum árum heim-sóttu eigendur Rúmföt.is stærstu textilsýningu í heimi sem haldin er einu sinni á ári í Frankfurt. „Það er skemmst frá því að segja að við fundum geggjaðar sængur frá þýska fyrirtækinu OBB, en við flytjum bara inn bestu sængurnar úr Black Forest-línunni þeirra. Það eru lúxussængur fyrir fólk sem vill mikil gæði á sanngjörnu verði. Í sængurnar er eingöngu notaður 100 prósent gæsadúnn, meðal annars af kanadagæsum, sem þýkir einn besti dúnninn og er 850 CUIN. Það þýðir að sængin einangrar vel og er líka létt. Samkeppnisaðilar okkar selja dún-sængur með dúni sem er aðeins 500 til 700 CUIN og fá jafnvel fæinar fjaðrir að fljóta með,“ greinir Hildur frá.

Rúmföt.is selur einnig guðdóm-lega kodda sem fleyta hverjum og einum mjúklega inn í draumalandið. „Við látum sérframleiða fyrir okkur alveg frábæra hágæða kodda. Þeir innihalda 100 prósent gæsadún og fingerðar smáfjaðrir til að gefa réttan stuðning við háls og höfuð og eru þrígga laga. Smáfjaðrir í kjarnanum og síðan gæsadúnn næst höfðinu.“

Silkirúmföt aldrei vinsælli

Rúmföt.is flytur einnig inn vönduð silkikoddaver. „Silkikoddaverin eru úr 100% Mulberry-silki og eru bæði til 22 momme og 25 momme. En gæði silkis eru ekki mæld í þráðafjölda eins og þegar um er að ræða bómullarefni heldur er farið eftir þykkt. Einnig hefur silkið hitajafnandi áhrif á húðina og fer betur með hárið en flest önnur efni. Silkikoddaverin hafa algjör-lega slegið í gegn enda finnst mér að allar konur og bara allir sem eru með sitt hár eigi að eiga að minnsta kosti eitt slíkt. Hárið flækist minna og heldur sér betur og fólk með þurra húð segjast vakna minna krumpað í framan.“

Hægt er að velja silkisængurver í átta mismunandi litum, að sögn Hildar. „En það hefur komið mér á óvart hversu vinsæl silkirúm-fötin hafa verið. Fyrir nokkrum árum var lítið spurt um þau en í dag rjúka þau út. Við eigum einnig silkiábreiður fyrir heitfengt fólk.




Hildur Þórðardóttir, verslunarstjóri Rúmföt.is, Margrét saumakona og Björn Þór Heiðdal, eigandi Rúmföt.is.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Sumarleg rúmföt úr langþráða 300 þráða bómullarsatíni.



Silkikoddaverin fara betur með húð og hár. Þau koma í fjórtán litum.



Dýrindis 600 þráða silkidamask úr egypskri bómull.



Viðskiptavinir elska þessi 600 þráða sett því þau koma alltaf eins úr þvotta-vélinni.



Handklæðin frá LJF koma líka í hör. Þau þurrka vel og þorna fljótt.

Þær eru frekar þunnar, þótt þær séu úr mörgum lögum af silki, en silki er þeim dásamlegu eiginleikum gætt að tempru hita og kulda. Þegar heitt er í veðri er silkið svalt og þegar kalt er í veðri er silkið hlýtt.“

Okkar allra bestu lök

„Talandi um lök þá bjóðum við upp á dásamleg lök úr 550 þráða bómullarsatíni,“ bætir Hildur við. „Lökin eru ofin úr einföldum þræði og eru þess vegna „alvöru“ 550 þráða en ekki bara 2-300 þráða eins og sumar búðir eru að selja. Þessi lök eru því mýkri og þægilegri en gengur og gerist. Margir viðskipta-vinir sem hafa keypt þessi lök hafa fullyrt við mig að þetta sé þau lang-bestu lök sem þeir hafi sofið á.“

Ítölsku lökin sem Rúmföt.is selur eru 600 þráða og ofin úr tvö-földum þræði. „Bómullin kemur frá Egyptalandi og er æðislega mjúk. Gæðin á efninu fara mikið eftir því hvaða bómull er notuð. En í þessi

En það hefur komið mér á óvart hversu vinsæl silkirúm-fötin hafa verið. Fyrir nokkrum árum var lítið spurt um þau en í dag rjúka þau út.

Hildur Þórðardóttir

lök er aðeins notuð hágæða egypsk bómull. Þau eru því úr sama efni og rúmfötin sem við látum framleiða fyrir okkur í Tórínó. Lökin eigum við í flestum algengum stærðum frá 80x200 cm upp í 180x210 cm og líka í nokkrum óalgengum stærðum fyrir sérvískupúkana.“

Rúmföt fyrir guðdómlegan svefn

Ekki má gleyma áprentuðu satín-rúmfötunum. „Þau eru öll úr 100% langþráða bómull og koma bæði 300 þráða og 600 þráða. Um daginn kom kona sem hafði verslað hjá okkur áður og lét mig sérstaklega vita að þetta væri bestu rúmföt sem hún hefði sofið undir og hún var ánægð með hvað þau krumpuðust lítið eftir þvott. Verðið er mjög hóflegt, frá 7.900 krónum og upp í 17.800 krónur. Flestir kaupa rúmföt í stærðinni 140x200 cm en við eigum rúmföt fyrir extra langar sængur sem eru 140x220 cm og á tvöfaldar sængur sem eru 200x220 cm.“ ■

Rúmföt.is verslun er staðsett að Nýbýlavegi 28. Búðin er opin milli klukkan 12-17.30 virka daga og 11-15 laugardaga. Sími 565 1025. Vefverslunin rumfot.is er opin allan sólarhringinn.



CARETTA FERÐAVAGN - FERÐAFÉLAGI ÁRSINS!



TRYGGÐU ÞÉR CARETTU Á TILBOÐSVERÐI EIGUM NOKKRAR TIL AFGREIÐSLU Í JÚNÍ!



CARETTA 1500 kr.2.789.900

Webasto miðstöð, fortjald, þakgluggi, kælibox o.fl. innifalið.


CARETTA OFF ROAD kr.3.798.900

Webasto miðstöð, fortjald, þakgluggi, kælibox, þakgrind o.fl. innifalið.

Nánari upplýsingar: sportis@sportis.is og í síma 520-1000

SPORTIS.IS
520-1000

SPORTÍs



SKEIFAN 11
108 REYKJAVÍK

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



FORD F350 king range. Árgærd 2019, ekinn 23 þ.KM, dísel, sjálfskiptur og Northwood Arctic fox 990 camper Verð án vsk 14.990. Klár hvert á land sem er Rnr.118399.



FIAT Sunlight capron t 64. Árgærd 2017, ekinn 60 þ.KM, dísel, beinskíptur. Verð 9.450. Rnr.118406.



FORD Econoline 250. Árgærd 2001, ekinn 100 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.490. Mjög fallegur og eigulegur bíll Rnr.118190.

Nýja bílahöllin
Kletthálsi 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA
BÍLINN ?

Kaupum bíla 25-250þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu
sms og við höfum samband

Bátar

VEIDIPORTID
Grandagarður 3 • S: 892-9940

Stærðir:
270cm-500cm

Verð frá:
149.000.kr

SAILSKI®
Gerid verðsamanburð!
www.veidiportid.is

Þjónusta

Pípulagnir

Löggiltur pípulagningameistari tekur að sér ýmskonar viðhaldsvinnu og breytingar. Upplýsingar í síma 8993464. Benedikt Bjarnason.

Garðyrkja

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215 og 790 9021

Bókhald

FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjóðum einstaklingum framtals- aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is



Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK
- FLOTUN - SANDSPARSL -
MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁMIÐILL
ER BYRJUÐ AFTUR

- SPÁ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU
- MED HJÁLP AÐ HANDAN
- HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTTI
S. 5574391

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.**

Töfluskípti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Óskast keypt

Kaupi gamla mynt, isl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



**Kassagítarar
á tilboði**

**Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali**
Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Einkamál

Óska eftir góðri kvk milli 50-60 ára í ferðalög til Kanari og og fl. Uppl. í síma 892 3341

Tilkynningar

Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

**Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 9. mars s.l. eftirfarandi:
Suðurnesjalína 2, framkvæmdaleyfi:**

Skipulags- og byggingarráð samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis og felur skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn. Bæjarstjórn samþykkir samhljóða afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs. Skipulagsfulltrúi gaf út framkvæmdaleyfið með bréfi dags. 28.04.2022

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á með vísan til 4. mgr. 14 gr. skipulagslaga að kæra framkvæmdaleyfið samanber 26. gr stjórnsýslulaga. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar.

Gögn má nálgast á hfj.is/skipulag

Skriflegar ábendingar sendist á netfangið: skipulag@hafnarfjordur.is eigi síðar en **09.06.2022** eða skriflega í þjónustuver:

Hafnarfjarðarbær
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is



Tilkynningar



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögu að breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Borgartún 34-36

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 6. apríl 2022 og borgarstjórnar Reykjavíkur þann 29. apríl 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 34-36 við Borgartún. Í breytingunni felst að byggingarmagn er aukið og íbúðum fjölgað. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **10. maí 2022 til og með 23. júní 2022**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, **www.reykjavik.is**, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 23. júní 2022.** Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík 10. maí 2022
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

